

REGLUGERÐ

um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um þau gjöld sem sjúkratryggðir skulu greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er hjá sjálfstætt starfandi sérgreinalæknum sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samið við skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, auk gjalds fyrir sjúkraflutninga.

Þjónustuveitendum, sbr. 1. mgr., er óheimilt að innheimta hærri eða önnur gjöld af sjúkratryggðum en kveðið er á um í reglugerð þessari og fylgiskjali með henni.

Sjúkratryggingar Íslands skulu kynna almenningi efni þessarar reglugerðar.

2. gr.

Fagleg samskipti heilsugæslulækna, heimilislækna og sérgreinalækna.

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérgreinalækna er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni.

Sjúklingur sem kemur til sérgreinalæknis fyrir milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal hafa meðferðis beiðni frá lækninum. Sérgreinalæknirinn skal ávallt senda læknafrétt til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérgreinalæknis án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal sérgreinalæknir ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni sjúklingsins læknafrétt. Komi sjúklingur til sérgreinalæknis fyrir milligöngu annars sérgreinalæknis skal síðari sérgreinalæknirinn ávallt senda læknafrétt til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklingsins og þess sérgreinalæknis sem hafði milligöngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.

Sjúklingi er heimilt að óska þess við lækni að hann sendi ekki upplýsingar honum viðkomandi til annarra lækna. Þess skal þá getið í sjúkraskrá. Lækni er og skylt að útskýra fyrir sjúklingi ábyrgð þá sem þessu fylgir fyrir sjúklinginn sjálfan.

3. gr.

Hverjir eru sjúkratryggðir.

Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn og unglingar yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn. Að öðru leyti gilda um það hverjir teljast sjúkratryggðir hér á landi 10.–16. gr. laga um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur telst sjúkratryggður.

II. KAFLI

Heilsugæsla.

4. gr.

Komugjöld á dagvinnutíma.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 1.200 kr.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tölul., 960 kr.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 600 kr.

4. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur vegna mæðra- og ungbarnaverndar, heilsugæsla í skólum og unglíngamóttaka í heilsugæslu sem veitir ráðgjöf og fræðslu um forvarnir. Með mæðra- og ungbarnavernd er átt við mæðra- og ungbarnavernd eins og hún er skilgreind í leiðbeiningum landlæknis um meðgönguvernd og um heilsuvernd barna (ung- og smábarnavernd).

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

5. gr.

Komugjöld utan dagvinnutíma.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma, þ.e. milli kl. 16.00 og 8.00 og á laugardögum og helgidögum, skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 3.100 kr.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tölul., 2.400 kr.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1.500 kr.
4. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna læknisstarfi utan dagvinnutíma skal greitt skv. 4. gr.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

6. gr.

Gjöld vegna vitjana lækna.

Fyrir vitjun læknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 3.400 kr.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tölul., 2.600 kr.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1.600 kr.
4. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.

Fyrir vitjun læknis utan dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 4.500 kr.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tölul., 3.800 kr.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 2.200 kr.
4. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.

Með vitjun samkvæmt þessari grein er átt við þjónustu læknis utan heilsugæslustöðvar.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna vitjun utan dagvinnutíma skal greiða vitjanagjald dagvinnutíma skv. 1. mgr.

Vitjanagjald greiðist lækni og dregst frá samningsbundinni þóknun hans fyrir vitjanir.

7. gr.

Gjöld fyrir aðra þjónustu.

Auk komugjalda skv. 4. og 5. gr. skulu sjúkratryggðir greiða fyrir bólusetningar á heilsugæslustöð kostnaðarverð fyrir bóluefni (hvern skammt). Með kostnaðarverði er átt við heildsöluverð bólu-efnis. Verðskrá skal birt á heimasíðu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis og gildir hún fyrir heilsugæslustöðvar almennt.

Gjöldin skulu einnig greidd í heimahjúkrun. Ekkert gjald er greitt fyrir ungbarnavernd og heilsugæslu í skólum, sbr. 2. mgr. 4. gr. Í ungbarnavernd er ekki greitt gjald fyrir bólusetningar við stífkrampa, mænúsótt, rauðum hundum og MMR (mislingar + hettusótt + rauðir hundar).

Auk komugjalda skv. 4. og 5. gr. skulu sjúkratryggðir, aðrir en börn yngri en 18 ára, greiða gjald fyrir aðra þjónustu en greinir í 1. mgr. sem hér segir:

1. Þungunarpróf, 700 kr.
2. Streptokokkarannsóknir, 800 kr.
3. Lyfjaleit í þvagi, 2.400 kr.
4. CRP (C-reaktíft prótein), 940 kr.
5. HbA1c (glýkósýlerað hemóglóbín), 1.800 kr.
6. Berklapróf (Mantoux), kostnaðarverð, sbr. skilgreiningu í 1. mgr.
7. Lykkja (T), 7.000 kr.
8. Hormónalykkja, kostnaðarverð, sbr. skilgreiningu í 1. mgr.
9. Foreldrafræðsla/fæðingarfræðsla, kvöldnámskeið, gildir fyrir báða foreldra, 9.300 kr.
10. Uppeldisnámskeið fyrir foreldra:
 - a. Uppeldisnámskeið fyrir foreldra, 9.300 kr. fyrir eitt foreldri og 11.500 kr. fyrir báða foreldra.
 - b. Uppeldis- og foreldrafærninámskeið fyrir foreldra barna með ADHD, 10.400 kr. fyrir eitt foreldri og 14.000 kr. fyrir báða foreldra.
 - c. PMT foreldrafærninámskeið (fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika), 17.200 kr. fyrir eitt foreldri og 23.000 kr. fyrir báða foreldra.
 - d. Snillingarnir – færniþjálfunarnámskeið (samskipti, tilfinningastjórn, athygli o.fl.) fyrir 8–10 ára börn með ADHD, 8.000 kr.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar.

8. gr.

Gjöld vegna krabbameinsleitar.

Vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum (legstrok og mynd af brjóstum) skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

1. Fyrir legstrok, sjúkratryggður almennt, 4.200 kr. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. másl., greiða 3.400 kr. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris greiða 2.000 kr.
2. Fyrir mynd af brjóstum, sjúkratryggður almennt 4.200 kr. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. másl., greiða 3.400 kr. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris greiða 2.000 kr.
3. Þegar legstrok er tekið og mynd af brjóstum er tekin í sömu komu greiða sjúkratryggðir almennt 6.300 kr. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. másl., greiða 5.000 kr. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris greiða 3.200 kr.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til Krabbameinsfélags Íslands vegna úrlesturs frumusýna, röntgenmynda og leitarstarfs.

III. KAFLI

Sjúkrahús.

9. gr.

Komugjöld.

Fyrir komu og endurkomu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 5.900 kr.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tölul., 4.900 kr.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 3.200 kr.
4. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.

Fyrir komu og endurkomu á göngudeild sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en lækna skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 3.200 kr.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tölul. 2.700 kr.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1.700 kr.
4. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald, sbr. þó 4. og 5. mgr.

Sjúkratryggðir sem koma oftast en einu sinni á sólarhring í lyfjagjafir eða sáraskiptingar skulu einungis greiða fyrir eina komu á sólarhring.

Sjúkratryggðir skulu, þrátt fyrir 2. mgr., taka þátt í kostnaði við iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og talþjálfun á sjúkrahúsum á sama hátt og þeir sem leita til þjálfara sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. reglugerð um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun. Skiptafjöldi í viðurkenndri iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og talþjálfun sem veitt er á göngudeildum sjúkrahúsa telst jafngildur og þegar um er að ræða þjálfun sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samið um og veitir rétt til aukinnar greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í þjálfun, sbr. tilvitnaða reglugerð.

Sjúkratryggðir skulu, þrátt fyrir 2. mgr., taka þátt í kostnaði við meðferð húðsjúkdóma veitta á sjúkrahúsi af öðrum en læknum á sama hátt og þeir sem leita til meðferðaraðila sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. reglugerð nr. 1260/2007, um styrki vegna kostnaðar við meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

Sjúkratryggðir almennt skulu greiða 9.100 kr. fyrir keiluskurðaðgerðir. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó næsta málslið, skulu greiða 7.300 kr. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris skulu greiða 3.200 kr. fyrir keiluskurðaðgerðir. Börn yngri en 18 ára greiða ekkert gjald.

Sjúkratryggðir almennt skulu greiða 9.100 kr. fyrir kransæða- og hjartaþræðingu. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó næsta málslið, skulu greiða 7.300 kr. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris skulu greiða 3.200 kr. fyrir kransæða- og hjartaþræðingu. Börn yngri en 18 ára greiða ekkert gjald.

Aldraðir sem njóta þjónustu dagvistar í tengslum við sjúkrahús skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni skv. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og gildandi reglugerð um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.

Gjöld fyrir þjónustu skv. VI. kafla greiðast til viðbótar við komugjöld skv. 1. mgr., þó skulu komugjald og gjöld skv. VI. kafla takmarkast við það hámarksgjald sjúkratryggðs sem tilgreint er í VI. kafla.

Gjöld samkvæmt þessari grein skulu renna til reksturs sjúkrahúss.

10. gr.

Gjald fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð.

Fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð skal sjúkratryggður greiða 236.300 kr.

Gjald samkvæmt þessari grein rennur til reksturs sjúkrahúss.

IV. KAFLI

Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.

11. gr.

Gjöld fyrir læknisvottorð í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyristrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar og á eyðublöðum Sjúkratrygginga Íslands vegna sjúkratrygginga eða slystrygginga skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slystrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötluð og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.

2. Fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga, 540 kr.
3. Fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (uppbót vegna reksturs bifreiðar), vegna umsóknar um styrk og uppbót til kaupa á bifreið fyrir fatlaða, vegna heimahjúkrunar, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna vistunar sjúklings erlendis (siglinga-nefnd), sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands, 1.100 kr.

Fyrir önnur læknisvottorð en tilgreind eru í 1. mgr. skal innheimta gjöld sem hér segir:

1. Ekkert gjald fyrir vottorð vegna andláts (dánarvottorð).
2. Fyrir vottorð um fjarvistir nemenda úr skólum, 530 kr.
3. Fyrir vottorð vegna sjúkranuðs, 1.100 kr.
4. Fyrir vottorð um fjarvistir til atvinnurekenda, ónæmisaðgerðir og alþjóðaónæmisskírteini, heilsufar nemenda til skóla, leikskóla og sumarbúða, undanþágu til bílbeltanotkunar, vegna veitingar ökuleyfis og endurgreiðslu ferðakostnaðar, svo sem ferðarofs, og til skattýfirvalda, 1.700 kr.
5. Fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum stéttarféлага, án greinargerðar, 1.100 kr.
6. Fyrir vottorð vegna umsókna um örorkubætur til lífeyrissjóða, fóstureyðingar og ófrjósemis-aðgerðar skal miða við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða 4.000 kr. fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.
7. Fyrir vottorð vegna byssuleyfis, skóla erlendis og um heilsufar eða vinnufærni vegna umhverfis eða atvinnu, þ.m.t. vegna atvinnuréttinda, 4.700 kr.
8. Fyrir vottorð til lögmannna og tryggingafélaga vegna sjúkdóma eða slysa, tryggingafélaga vegna líf- og sjúkdómatrygginga eða umsókna um örorkubætur, ættleiðingu, lögreglu, sýslumanna, vegna dvalar- og/eða atvinnuleyfa hér á landi og dvalar eða starfa erlendis skal miða við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða 4.000 kr. fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.

Gjöld fyrir vottorð samkvæmt þessari grein skulu renna til viðkomandi stofnunar.

V. KAFLI

Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu utan sjúkrahúsa og á göngudeildum sjúkrahúsa.

12. gr.

Gjöld fyrir sérgreinalæknishjálp.

Fyrir hverja komu til sérgreinalæknis utan sjúkrahúsa og á göngudeild sjúkrahúsa, sbr. þó 10. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 15. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, 5.000 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er eða af gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, þó að hámarki 32.300 kr. Ef þjónustan kostar minna en 5.000 kr. greiðir sjúkratryggður ekki hærra gjald en þjónustan kostar.
Fyrir komu til sérfræðings í augnlækningum til sjónmælingar vegna sjónlagsgalla greiða sjúkratryggðir almennt á aldrinum 18–70 ára fullt verð samkvæmt umsáminni gjaldskrá sérgreinalækna við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. þó 2. og 3. tölul. 1. mgr. Greiðslur samkvæmt þessari málsgrein veita ekki rétt til afsláttarskírteinis, sbr. 14. gr.
Stafi sjónlagsgallinn, eða notkun gleraugna, af slysi eða sjúkdómi greiðir sjúkratryggður fyrir komu og sjónlagsmælingu samkvæmt reglum í 1. mgr. þessa töluliðar eða öðrum töluliðum þessarar greinar. Þær greiðslur veita rétt til afsláttarskírteinis sbr. 14. gr.
Fyrir komu á göngudeild til sérfræðings í háls-, nef- og eyrnalækningum vegna sérhæfðrar skoðunar til öflunar eða viðhalds flugréttindum greiða sjúkratryggðir fullt verð samkvæmt umsáminni gjaldskrá sérgreinalækna við Sjúkratryggingar Íslands, þrátt fyrir 4. tölul. 1. mgr. Greiðslur samkvæmt þessari málsgrein veita ekki rétt til afsláttarskírteinis, sbr. 14. gr.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tölul., 3.900 kr. og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er eða af gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, þó að hámarki 32.300 kr.

3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1.800 kr. og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er eða af gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, þó að hámarki 32.300 kr.
4. Börn yngri en 18 ára, 1/9 af gjaldi skv. 1. tölul. 1. mgr., þó að lágmarki 790 kr. og að hámarki 32.300 kr., og ekkert gjald vegna komu til sérgreinalæknis á göngudeild sjúkrahúsa.
5. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.

Með komu til sérgreinalæknis á göngudeild sjúkrahúsa skv. 1. mgr. er átt við ferliverk, þ.e. lækni meðferð sem unnt er að veita hvort sem er á lækna stofum utan sjúkrahúsa eða á sjúkrahúsum og krefst ekki innlagnar á sjúkradeild nema í undantekningartilvikum. Sjúklingur greiðir gjald skv. 1. mgr. og gildir þá einu þótt næturdvöl kunni að reynast nauðsynleg í einstökum tilvikum.

Við komu skv. 1. tölul. 1. mgr. þar sem svæfingalæknir svæfir eða deyfir við aðgerð skurðlæknis skal sjúkratryggður greiða að hámarki 32.300 kr. í heild.

Þegar reikningur er gerður til Sjúkratrygginga Íslands fyrir sérgreinalæknishjálpi skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu heildarverði. Ekki er gerður reikningur til Sjúkratrygginga Íslands vegna sérgreinalæknisþjónustu (ferliverk) sem veitt er á sjúkrahúsum nema sérstaklega hafi verið um það samið skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Með umsömdu heildarverði, sbr. 1.–3. tölul. 1. mgr., er átt við það gjald sem samið hefur verið um í samningum Sjúkratrygginga Íslands við sérgreinalækna skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Með ákveðnu heildarverði, sbr. 1., 2. og 3. tölul. 1. mgr. er átt við gjald vegna sérfræðiþjónustu á göngudeildum sjúkrahúsa sem ýmist fer eftir samningum, sbr. 1. máls. eða gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands skv. 38. gr. laga nr. 112/2008, séu samningar ekki fyrir hendi. Innifalinn í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhalda, umbúða og þess háttar.

Gjöld vegna þjónustu á göngudeild sjúkrahúsa skulu renna til reksturs sjúkrahússins.

VI. KAFLI

Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu á heilsugæslu, sjúkrahúsum og utan sjúkrahúsa.

13. gr.

Gjöld fyrir rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttmælingar.

Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsóknar á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknastofu, sbr. þó 10. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 15. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, 2.100 kr.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tölul., 1.600 kr.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 770 kr.
4. Börn yngri en 18 ára, 300 kr.
5. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.

Fyrir hverja komu til geisla- og myndgreiningar og beinþéttmælingar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 15. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, 2.700 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki 32.300 kr.
2. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó 3. tölul., 2.200 kr. og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki 32.300 kr.
3. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1.000 kr. og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki 32.300 kr.
4. Börn yngri en 18 ára, 1/9 af gjaldi skv. 1. tölul. 2. mgr., þó að lágmarki 440 kr. og að hámarki 32.300 kr.

5. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.

Þegar reikningur er gerður til Sjúkratrygginga Íslands fyrir rannsóknir, geisla- og myndgreiningu skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu heildarverði. Ekki er gerður reikningur til Sjúkratrygginga Íslands vegna rannsókna, geisla- og myndgreininga og beinþéttimælinga sem gerðar eru á heilsugæslu og sjúkrahúsum nema sérstaklega hafi verið um það samið skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Með umsömdu heildarverði, sbr. 1.–3. tölul. 2. mgr., er átt við það gjald sem samið hefur verið um í samningum Sjúkratrygginga Íslands við sérgreinalækna skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, eða verð sem tilgreint er í fylgiskjali I með þessari reglugerð. Með ákveðnu heildarverði, sbr. 1.–3. tölul. 2. mgr., er átt við gjald sem ýmist fer eftir samningum, sbr. 1. másl., eða gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands skv. 38. gr. laga nr. 112/2008, séu samningar ekki fyrir hendi. Innifalið í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhalda, umbúða og þess háttar.

Gjöld vegna þjónustu á heilsugæslustöð og á sjúkrahúsum skulu renna til reksturs stofnananna.

VII. KAFLI

Afsláttarskírteini.

14. gr.

Réttur til afsláttarskírteinis.

Þegar sjúkratryggður einstaklingur á aldrinum 18 ára til og með 66 ára hefur greitt 32.300 kr. á sama almanaksári vegna heimsókna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, koma á slysadeild, göngudeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, koma til sérgreinalækna utan sjúkrahúsa og til sérgreinalækna á göngudeild sjúkrahúsa, rannsókna á rannsóknastofum, geisla- og myndgreininga og beinþéttimælinga skal hann eiga rétt á afsláttarskírteini.

Þegar aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó næsta málslið, hafa greitt 25.800 kr. og þegar aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, hafa greitt 8.100 kr. á sama almanaksári vegna heimsókna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, koma á slysadeild, göngudeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, koma til sérgreinalækna utan sjúkrahúsa og til sérgreinalækna á göngudeild sjúkrahúsa, rannsókna á rannsóknastofu, geisla- og myndgreininga og beinþéttimælinga, skulu þeir eiga rétt á afsláttarskírteini.

Börn undir 18 ára aldri með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Þjóðskrár skulu teljast einn einstaklingur. Þegar greiddar hafa verið á sama almanaksári 9.800 kr. vegna koma barna undir 18 ára aldri í sömu fjölskyldu til sérgreinalækna utan sjúkrahúsa, vitjana lækna, rannsókna á rannsóknastofum, geisla- og myndgreininga og beinþéttimælinga eiga forsjármenn barnanna rétt á afsláttarskírteini vegna þeirra.

Greiðslur skv. 7. gr., 8. gr., 4., 5. og 8. mgr. 9. gr., 10. gr., 11. gr., 2. og 4. mgr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. og 18. gr. veita ekki rétt til afsláttarskírteinis samkvæmt þessari grein.

15. gr.

Gjöld þeirra sem eru með afsláttarskírteini.

Gegn framvísun kvittana fyrir greiðslur skv. 4.–6. gr., 1., 2., 6. og 7. mgr. 9. gr., 12. gr., sbr. þó 4. mgr. 14. gr., og 13. gr. skulu Sjúkratryggingar Íslands afhenda sjúkratryggðum afsláttarskírteini skv. 14. gr., sem lækkar greiðslu vegna heilbrigðisþjónustu út almanaksárið. Kvittanir skulu auk nafns útgefanda bera með sér tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag, nafn og kennitölu hins sjúkratryggða.

Hafi sjúkratryggðir fengið afsláttarskírteini samkvæmt þessari grein skulu þeir greiða sem hér segir fyrir heilbrigðisþjónustu það sem eftir er almanaksársins:

1. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis skv. 4. gr. á dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, 700 kr.
 - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið, 600 kr.
 - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 480 kr.

2. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis skv. 5. gr. utan dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, 1.800 kr.
 - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið, 1.200 kr.
 - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 840 kr.
3. Fyrir vitjun læknis skv. 1. mgr. 6. gr. á dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, 2.000 kr.
 - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið, 1.200 kr.
 - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 840 kr.
 - d. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærundur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.
4. Fyrir vitjun læknis skv. 2. mgr. 6. gr. utan dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, 2.800 kr.
 - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið, 2.100 kr.
 - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1.080 kr.
 - d. Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærundur fatlaðra og langveikra barna, greiða ekkert gjald.
5. Fyrir komu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa skv. 1. mgr. 9. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, 3.200 kr.
 - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið, 2.500 kr.
 - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1.100 kr.
6. Fyrir komu á göngudeild sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en lækna skv. 2. mgr. 9. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, 1.900 kr.
 - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið, 1.500 kr.
 - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 60 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 910 kr.
7. Fyrir komu til sérgreinalæknis utan sjúkrahúsa og til sérgreinalæknis á göngudeild sjúkrahúsa skv. 12. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir, 2.000 kr. og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki 32.300 kr.
 - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið, 1.600 kr. og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki 32.300 kr.
 - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1/9 af gjaldi skv. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., þó að lágmarki 880 kr. og að hámarki 32.300 kr.
 - d. Börn yngri en 18 ára, 1/9 af gjaldi skv. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr., þó að lágmarki 570 kr. og að hámarki 32.300 kr. og ekkert gjald vegna komu til sérgreinalæknis á göngudeild sjúkrahúsa.
8. Fyrir rannsóknir skv. 1. mgr. 13. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, 1.000 kr.
 - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið, 630 kr.
 - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 380 kr.
 - d. Börn yngri en 18 ára greiða ekkert gjald.
9. Fyrir geisla- og myndgreiningu og beinþéttmælingu skv. 2. mgr. 13. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, 960 kr. og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki 32.300 kr.
 - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið, 770 kr. og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki 32.300 kr.

- c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1/9 af gjaldi skv. 1. tölul. 2. mgr. 13. gr., þó að lágmarki 500 kr. og að hámarki 32.300 kr.
 - d. Börn yngri en 18 ára greiða ekkert gjald.
10. Fyrir keiluskurðaðgerð skv. 6. mgr. 9. gr.:
- a. Sjúkratryggðir almennt, 3.300 kr.
 - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið, 2.200 kr.
 - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1.300 kr.
11. Fyrir kransæða- og hjartaþræðingu skv. 7. mgr. 9. gr.:
- a. Sjúkratryggðir almennt, 3.300 kr.
 - b. Aldraðir 67 til og með 69 ára, sbr. þó c-lið, 2.200 kr.
 - c. Aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1.300 kr.
- Við komu skv. 7. tölul. 2. mgr. þar sem svæfingalæknir svæfir eða deyfir við aðgerð skurðlæknis skal sjúkratryggður greiða að hámarki 32.300 kr. í heild.
- Heimilt er að ákveða að afsláttarskírteinishafar greiði sama vitjanagjald og aðrir en fái síðan mismuninn endurgreiddan gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis.
- Gjöld sem greidd eru á heilsugæslustöð og sjúkrahúsi renna til reksturs stofnananna.
- Vitjanagjald dregst frá sammingsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir, sbr. og 6. gr.

VIII. KAFLI Ýmis ákvæði.

16. gr.

Sérreglur fyrir atvinnuleitendur.

Einstaklingur sem verið hefur samfelt í atvinnuleit í sex mánuði eða lengur samkvæmt staðfestingu Vinnumálastofnunar á rétt á heilbrigðisþjónustu á sömu kjörum og aldraðir 70 ára og eldri, öryrkjar, aldraðir 67 til og með 69 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og þeir 60 til og með 69 ára sem njóta óskerts ellilífeyris. Staðfestingu Vinnumálastofnunar skal endurnýja á þriggja mánaða fresti. Réttur til afsláttarskírteinis fer skv. 1. mgr. 14. gr.

17. gr.

Sérreglur fyrir líffæragjafa.

Þeir sem gefa líffæri eða fyrirhugað er að gefi líffæri eru undanþegnir öllum gjöldum samkvæmt reglugerð þessari vegna rannsókna og/eða meðferðar sem er í beinum tengslum við brottám líffæris eða fyrirhugað brottám líffæris.

18. gr.

Gjald fyrir sjúkraflutninga.

Fyrir sjúkraflutning á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skulu sjúkratryggðir greiða 6.200 kr.

19. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og 37. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, öðlast gildi frá og með 1. janúar 2014. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1100/2012, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Velferðarráðuneytinu, 20. desember 2013.

Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra.

Hrönn Ottósdóttir.

Fylgiskjal I.

Ákveðið heildarverð fyrir geisla- og myndgreiningar til viðmiðunar við útreikning á greiðsluhluta sjúklings fyrir komu á heilsugæslustöð og sjúkrahús þar sem ekki er um innlög að ræða, sbr. 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar þessarar.

Flokkar	Verð kr.	Flokkar	Verð kr.
1. fl.	4.158	11. fl.	29.700
2. fl.	5.544	12. fl.	31.680
3. fl.	8.910	13. fl.	34.650
4. fl.	14.454	14. fl.	44.550
5. fl.	17.820	15. fl.	49.500
6. fl.	19.800	16. fl.	55.440
7. fl.	21.384	17. fl.	100.980
8. fl.	22.770	18. fl.	217.800
9. fl.	27.324	19. fl.	312.840
10. fl.	27.720		

- Einungis er gjaldfært fyrir einn flokk í hverri komu í flokkum 17–19 og er þá miðað við hæsta verðflokk þess sem gert er.
- Gjaldfært er sérstaklega fyrir hjartagangráða, stent og regnhlífur, að öðru leyti eru einnota vörur innifaldar í verðskrá.
- Við ómskoðun gildir einu hve mörg líffæri innan flokksins eru skoðuð, hámarksgreiðsla fyrir sjúklingakomu eru tveir flokkar.

Ef rannsókn er í 8. flokki er það hámarksgreiðsla fyrir ómun.

V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.	V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.
1. Verðflokkur					2				
1		301-00	Epipharynx	21		6xx-32	Bein og liðir álagsrannsóknir, liggjandi eða standandi	28	
1		304-00	Mjúkpartar á hálsi/barki/skjaldkirtill	21	2	6xx-33	Bein og liðir - hornamæling	28	
1		401-00	Munnvatnskirtlar	21	2	611-00	Orthopantomografia	28	
1		600-09	Rannsókn á sýni	21	2	617-00	Leguákvörðun aðskotahluts í auga	28	
1		601-00	Cranium	21	2	626-10	Mjaðmagrind - skyggnaðstoð	28	
1		602-00	Sínusar	21	2	626-11	Mjaðmagrind rannsókn á skurðstofu	28	
1		603-00	Andlitsbein/nefbein	21	2	629-00	Hryggskekkjurannsókn	28	
1		608-00	Neðri kjálki/kjálkaliðir	21	2	655-00	Lengdarákvörðun/hornamæling á útlimum	28	
1		609-00	Kjálkaliðir (bitrannsókn)	21	3. Verðflokkur				
1		620-00	Sternum	21	3	199-00	Aðrar aðgerðir ótaldir	45	
1		621-00	Hálsliðir	21	3	302-00	Talmeinafræðileg rannsókn	45	
1		622-00	Brjóstliðir	21	3	320-07	Lungu/rekkjumynd	45	
1		623-00	Lendarliðir	21	3	399-00	Aðrar aðgerðir ótaldir	45	
1		624-00	Rif	21	3	443-00	Anal fistulografia	45	
1		625-00	Sternoclavicularliðir	21	3	499-00	Aðrar aðgerðir ótaldir	45	
1		626-00	Mjaðmagrind	21	3	511-00	Retrograd pyelografia	45	
1		627-00	Sacroiliacaliðir	21	3	512-00	Antegrad pyelografia	45	
1		628-00	Spjaldbein/rófubein	21	3	540-00	Grindarmál	45	
1		631-00	Axlari./viðbein/herðablað	21	3	599-00	Aðrar aðgerðir ótaldir	45	
1		632-00	Sérmynd af acromion, Bigliani	21	3	600-36	Fistulografia	45	
1		633-00	Upphandleggur	21	3	607-00	Dakrocystografia	45	
1		634-00	Olnbogi	21	3	656-00	Ákvörðun beinaldurs	45	
1		636-00	Framhandleggur	21	3	699-00	Aðrar aðgerðir ótaldir	45	
1		637-00	Úlnliður	21	3	I	91x-00	Ómun höfuð og heili	45
1		638-00	Hönd/fingur	21	3	I	912-07	Ómun heili mobil	45
1		639-00	Mjaðmarliðir	21	3	I	912-11	Ómun heili á skurðstofu	45
1		641-00	Lærleggur	21	3	II	92x-00	Ómun hjarta og brjóstholssæðar	45
1		642-00	Hnéliður	21	3	III	93x-00	Ómun háls og brjósthol	45
1		645-00	Fótleggur	21	3	IV	94x-00	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæri	45
1		646-00	Ökklí	21	3	IV	94x-07	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæri (mobil)	45
1		648-00	Fótur/hæll/tær	21	3	IV	94x-11	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæri á skurðstofu	45
2. Verðflokkur					28				
2		320-00	Lungu	28					
2		320-09	Lungu/rekkjumynd á röntgendeild	28					
2		460-00	Kviðarhol, yfirlit	28					
2		501-00	Þvagfæravfirlit	28					

V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.	V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.
3	V	95x-00	Ómun þvagfæri, eistu og nýrnahettur	45	8. Verðflokkur				115
3	V	95x-07	Ómun þvagfæri - mobil	45	8		510-00	Þvagfærarannsókn með skuggaefni, urográfía	115
3	V	95x-11	Ómun þvagfæri á skurðstofu	45	8		131-00	Lumbal myelografía	115
3	VI	960-00	Ómun bein - liðir - liðþófar	45	8		132-00	Thoracal/Cervical/Total myelografía	115
3	VI	961-00	Ómun mjúkparta á útlimum	45	8		304-05	Mjúkpartar á hálsi m/ástungu	115
3	VI	962-00	Ómun útlímaæðar	45	8		320-05	Lungu - ástunga/sýnistaka	115
3	VI	963-00	Ómun mamme	45	8		350-00	Bronchografía	115
3	VI	964-00	Ómun mjúkparta, aðrir	45	8		450-50	Gallvegir, skipt um slöngu	115
3	VII	97x-00	Ómun leg, eggjaleiðarar, eggjastokkar og föstur	45	8		460-05	Kviðarhol, yfirlit m/ástungu	115
4. Verðflokkur				73	8		463-00	Ductografía choled. (ERC)	115
4		320-10	Lungu - skyggnaðstoð	73	8		464-00	Ductografía pancreas (ERP)	115
4		420-00	Magi	73	8		590-50	Skipt um nefrostomiuslöngu	115
4		430-00	Mjógirni	73	8		685-00	Bláæðarannsókn á handlegg	115
4		450-00	Gallvegir um dren	73	8		688-00	Lymfografía	115
4		453-00	Gallvegir í aðgerð	73	8		6xx-05	Ástunga/sýnataka	115
4		460-10	Kviðarhol, skygning	73	8	VIII	9xx-05	Ástunga eða sýnistaka	115
4		501-10	Þvagfæri, skygning	73	9. Verðflokkur				138
4		586-00	Cavemografía	73	9		8xx-02	TS-rannsókn án og með skuggaefni/fjölfasa	138
4		589-00	Bláæðarannsókn, aðrar æðar ótaldar	73	9		896-00	TS-dental tvöföld vegna titanium implantationar	138
4		6xx-35	Skuggaefnisrannsókn á liðum - artrográfía	73	10. Verðflokkur				140
4		600-10	Skygning	73	10		320-06	Lungu - ástunga/dren	140
4		600-38	Rannsókn á líki	73	10		460-06	Kviðarhol - ástunga/dren	140
4		800-77	Plönun/efirhleðslu	73	10		6xx-06	Ástunga/dren	140
4		821-04	TS-háls hryggur með skuggaefni í mænugang (myelogr.)	73	10	VIII	9xx-06	Ómstyrð ástunga/dren	140
4		822-04	TS-brjósthryggur m/skuggaefni í mænugang (myelogr.)	73	11. Verðflokkur				150
4		823-04	TS-lendarhryggur með skuggaefni í mænugangi (myelogr.)	73	11		Mxx-00	Segulómrannsóknir án skuggaefnisgjafar	150
4	VIII	9xx-01	Ómun m/skuggaefni	73	11		Mxx-60	Segulómun - æðaskoðun án skuggaefnisgjafar	150
4		8xx-00	TS-rannsókn án skuggaefnisgjafar	73	12. Verðflokkur				160
5. Verðflokkur				90	12	VIII	9xx-62	Æðaómskoðun án skuggaefnisgjafar/flæðis-rannsóknir - báðum megin	160
5	VIII	9xx-60	Æðaómskoðun án skuggaefnisgjafar/flæðisrannsóknir - öðrum megin	90	13. Verðflokkur				175
6. Verðflokkur				100	13		725-00	Ísotóparannsókn heilaskann	175
6		402-00	Sialografía	100	13		734-03	Ísotóparannsókn beinayfirlit - SPECT	175
6		410-00	Vélinda	100	13		783-00	Æviskeið rauðra blóðkorna (red cellsurvival, RCS)	175
6		431-00	Mjógirni I - tvíkontrast (sondupassage)	100	13		784-03	Ísotóparannsókn lifur/milta (SPECT)	175
6		440-00	Ristill	100	13		715-00	Nýrnabarkar og safnkerfis-skann (gluco eða dtra/dmsa)	175
6		441-00	Ristill - tvíkontrast	100	13		720-00	Nýrnasafnkerfis-skann (dpt. hippuran)	175
6		442-00	Defecografía	100	13		721-00	Nýru, Króm-EDTA-clearance (51-CR)	175
6		449-00	Herniografía	100	13		734-00	Ísotóparannsókn beinayfirlit	175
6		530-00	Urethrocystografía	100	13		735-00	Ísotóparannsókn lungu	175
6		531-00	Mictionsurethrocystografía	100	13		736-00	Lungu (loftvegir)	175
6		533-00	Vesiculografía	100	13		740-00	Ísotóparannsókn munnvatnskirtlar	175
6		534-00	Rannsókn á Brickersblöðru (loopografía)	100	13		741-00	Hjartavöðvaskann (thallium) (einungis í hvíld)	175
6		560-00	Hysterosalpingografía	100	13		743-00	Ísotóparannsókn myocardium	175
6		686-00	Ganglimsplebografía	100	13		750-00	Nýrnabarkarskann (dmsa)	175
7. Verðflokkur				108	13		755-00	Ísotóparannsókn thyroidea	175
7		8xx-01	TS-rannsókn með skuggaefnisgjöf	108	13		762-00	Blóðrúmmál (rauð blóðkorn, 51-Cr)	175
7		869-33	Tölvusneið - mjaðmargrind + hornamæling	108	13		763-00	Thrombosugreining (isotopaflebografía)	175
7		870-33	TS-fótleggur + hornamæling	108	13		766-00	Eistnaskann	175
7		895-00	TS-dental einföld vegna titanium implantationar	108	13		773-00	Ísotóparannsókn gallvegir (HIDA)	175
					13		779-00	Táragöng	175

V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.	V.fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.
13		784-00	Ísotóparannsókn lifur/milta	175	16	Mxx-61	Segulómun - æðaskoðun með skuggaefnisgjöf	280	
13		787-00	Maga-vélinda refluxskann	175	17. Verðflokkur				
13		788-00	Ísotóparannsókn		17	170-00	Carotis angiografía	510	
			magatæming patológískt	175	17	171-00	Carotis interna angiografía	510	
13		789-00	Magatæming (föst fæða)	175	17	172-00	Sérþræðing á carotis externa ang.	510	
13		791-00	Meltingarfærablæðingarskann með sulfúr colloid	175	17	173-00	Arteriografía aa. vertebr.	510	
13		792-00	Meckelscann	175	17	174-00	Aorta-cervical angiografía	510	
13		793-00	Ísotópacystografía (MUCG)	175	17	175-00	Superselectiv angiografía	510	
13		711-00	Ofstarfsemi skjaldkirtils meðferð með I31-I	175	17	176-00	Spinal angiografía	510	
13		785-00	Schillingspróf I	175	17	180-00	Orbital flebografía	510	
13		786-00	Schillingspróf II	175	17	181-00	Jugularis flebografía	510	
13		778-00	Beinaskann 3 fasa	175	17	182-00	Spinal flebografía	510	
14. Verðflokkur				225	17	195-00	Deyfing á ganglion semilunare (Gasseri)	510	
14		8xx-61	Tölvusneiðmyndir - æðaskoðun	225	17	372-00	Thoracal aortografía	510	
14	VIII	9xx-61	Æðaómskoðun með skuggaefnisgjöf/flæðisrannsókn	225	17	376-00	Æðarannsókn hálslíffæra (t.d. skjaldkirtils)	510	
15. Verðflokkur				250	17	377-00	Þræðing á bronchial æðum	510	
15		704-00	Shuntfunction (ventriculo peritoneal eða önnur)	250	17	382-00	Skuggaefnisinndæling í lungnaslagæð	510	
15		709-00	Skjaldkirtilsupptaka og scan	250	17	383-00	Thoracal cavografía	510	
15		710-00	Skjalkirtilskrabbamein, meðferð með I31-I	250	17	395-00	Non-invasiv raflífeðlisfræðileg rannsókn	510	
15		718-00	Ísotóp-lifur og lifrablóðflæði	250	17	410-40	Vélinda - útvíkkun	510	
15		726-00	Cisternografía	250	17	440-40	Rístill - útvíkkun	510	
15		728-00	Mænuvökvaleti	250	17	470-00	Kviðarholsæðar - inndæling í aorta	510	
15		737-00	Hjartaskann (muga) (blood pool) án álags	250	17	471-00	Kviðarholsæðar, sérþræðing	510	
15		742-00	Hjartavöðvaskann (thallium) með álagi	250	17	480-00	Cavografía inf. með v.iliaca	510	
15		744-00	Ísotóparannsókn liðir	250	17	498-00	Víkkun þrengsla í vélinda	510	
15		745-00	Liðbólga, meðferð með 90-Y	250	17	570-00	Æðarannsókn á æðum í mjaðmargrind	510	
15		747-00	Bris	250	17	571-00	Sérþr. í æðar grindarholslíffæra	510	
15		748-00	MIBG (pheochromocytoma o.fl.) með I31-I	250	17	573-00	Renal aortografía	510	
15		754-00	Ísotóparannsókn heila með Ceretec	250	17	574-00	Nephroangiografía	510	
15		756-00	Parathyroid kirtlar	250	17	576-00	Nýrnahettuslagæðar, sérþræðing	510	
15		757-00	Nýrnahettur	250	17	577-00	Sérþræðing í Art. testicularis/ovarica	510	
15		761-00	Ísotóparannsókn beinmergur	250	17	578-00	Slagæðarannsókn á ígræddu nýra	510	
15		765-00	Lymfueitlar	250	17	579-00	Æðarannsókn, aðrar æðar ótaldar	510	
15		767-00	Æxlisskann með gallium eða jóð I31	250	17	580-00	Flebografi á renalis	510	
15		768-00	Nýrmaskann með lasix	250	17	581-00	Nýrnabláæðar, sérþræðing og blóðsýni tekin	510	
15		774-00	Gallvegir með Kinevac eða eftir fitumáltíð	250	17	582-00	Flebografía af gl. supraren.	510	
15		775-00	Frásög á gallsýru í þörmum (SeHCAT, 75-Se)	250	17	584-00	Sérþræðing í vena spermatica	510	
15		776-00	Beinaskönnun, þrífasa + tvífasa (liðir)	250	17	584-43	Lokun á vena spermatica (embolisation)	510	
15		777-00	Beinaskönnun, tvífasa	250	17	585-00	Bláæðarannsókn grindarholslíffæra	510	
15		781-00	Polycytaemia vera, meðferð	250	17	590-00	Astunga á nýrmaskjóðu (percutan nefropyelostom)	510	
15		782-00	Æviskeið rauðra blóðkorna	250	17	592-52	Stungið á blöðru í nýra (cystupunction) - stent	510	
15		790-00	Meltingarfærablæðingarskann með rauðum blóðkornum	250	17	593-00	Stungið á blöðru í nýra (cystupunction)	510	
15		795-00	Æxlisskann með monoclonal antibodies	250	17	675-00	Slagæðarannsókn á handlegg	510	
15		796-00	Sýkingarskann með merktum hvítum blóðkornum	250	17	676-00	Ganglimsangiografía	510	
15		797-00	Sýkingarskann með gallium	250	17	677-00	Aorto-femoral angiografía	510	
15		798-00	Skjaldkirtlskrabbamein, meinvarpaleið I31-I	250	17	679-00	Rannsókn annarra slagæða	510	
16. Verðflokkur				280	17	729-00	Basal ganglia (BETA-CIT-123-I)	510	
16		Mxx-01	Segulómrannskúknir án og með skuggaefnisgjöf	280	17	8xx-05	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga - sýnistaka	510	

V.fl.	Ómfl. Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.	V.fl.	Ómfl. Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.
17	8xx-06	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga/dren	510	18. Verðflokkur			
17	Mxx-05	Segulómstýrð ástunga/sýnataka	510	18	746-00	MIBG (pheochromocytoma o.fl.) með 123-I	1100
17	Mxx-06	Segulómstýrð ástunga/dren	510	18	780-00	Æxliskönnun (Octreotide, 111-In)	1100
				19. Verðflokkur			
				19	758-00	Beinameinvörp, meðferð með 89-Sr (Metastron)	1580

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2013